

Skipulagsstofnun
b/t Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2020
UST202001-075/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn – Stofnfiskur í Kirkjuvogi og Seljavogi í Höfnum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Félagið Stofnfiskur hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) ráðgerir að sækja um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi hjá Matvælastofnun fyrir tveimur landeldisstöðvum í Höfnum á Reykjanesi, við Kirkjuvog og Seljavog. Samgangur verður á milli stöðva en fram kemur að Matvælastofnun (MAST) hefur tilgreint að stöðvarnar ættu að hafa tvö aðskilin rekstrarleyfi. Umhverfisstofnun tekur undir þessa kröfu MAST og áform rekstraraðila um að sækja um sitt hvort starfsleyfið fyrir stöðvarnar. Um er að ræða klakfiskeldi, seiðaeldi og áframeldi laxa og hrongnkelsa. Samtals stefnir rekstraraðili á að sækja um leyfi fyrir framleiðslu á 180 tonnum/ári í stöðvunum í Höfnum, 160 tonn/ári í Kirkjuvogi og 20 tonn/ári í Seljavogi.

Kirkjuvogur

Í Kirkjuvogi (fiskeldisstöð) verður sótt um leyfi fyrir 160 tonn/ári lax framleiðslu eða 160 tonn/ári framleiðsla á hrongkelsisseiðum, hrognum og klakfiski skv. greinargerð (bls. 1) en það er minnkun frá fyrra starfsleyfi (sem nú er ógilt) sem var uppá 200 tonn framleiðslu á ári. Ekki er skýrt í greinargerð hver standandi lífmassi verður í stöðinni en Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir því að hann verði minni þar sem um er að ræða lotuframleiðslu og að samtals sé stefnt að 160 tonna framleiðslu á ári. Stofnunin mun tiltaka umfang starfsemi sem lífmassi á hverjum tíma í starfsleyfi. Því þarf að koma fram í starfsleyfisumsókn fyrir stöðina hver sá áætlaður hámarks lífmassi í stöðinni/standandi lífmassi en gert er ráð fyrir því að hann sé 80-90 tonn.

Fram kemur í greinargerð að einungis verði ein tegund af fiski í stöðinni í einu.

Seljavogur

Í Seljavogi (tilrauna og sóttkvíastöð blendings laxaseiða) verður sótt um 20 tonn/ári, 1 tonn lax og 19 tonn hrognkelsi (klakfiskur). Umhverfisstofnun áréttar það sem kom fram að framan um standandi lífmassa í stöðinni.

Þessar einingar með lax og hrognkelsa klakfisk verða aðskildar í sitthvorum enda stöðvarinnar og ekki samgangur. Stefnt er að því að fá hrognkelsisseiði frá Kirkjuvogi og ala upp í klakfisk í Seljavogi. Samgangur er einnig við starfsstöðva rekstraraðila í Vogum (klakstöð) og Kalmanstjörn (áframeldi). Úr Vogum eru laxahrogn fengin frjónvagn og hreinsuð skv. greinargerð (bls. 17). Eftir að laxaseiðin hafa stækkað eru þau flutt á enn aðra starfsstöð rekstraraðila að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ (bls. 18) en Umhverfisstofnun minnir rekstraraðila á að það starfsleyfi rennur út 26. apríl 2021.

Vatnsnýting

Stöðin í Kirkjuvogi notar einungis sjóborholur og ísalt vatn. Stöðin í Seljanesi notar einnig ferskvatn en það þarf að sækja í vatnsveituna í Höfnum sökum þess hve erfitt er að bora eftir ferskvatni á svæðinu skv. greinargerð.

Fram kemur í greinargerð að fyrir stöðina í Kirkjuvogi verði hugsanlega bætt við einni sjó borholu með rennsli uppá 40 l/sek (bls. 1) til að framleiða 160 tonn/ári og að nýting eldisvökva verði 260 l/sek. Fram kemur í greinargerð að vatnsnýting ferskvatns í Seljavogi er 0,16 l/sek þar sem vatnið er 85% endurnýtt. Út sjóborholum er nýtt 20 l/sek.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir því að sjótaka hafi afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu þar sem mest af dælingu er 7-8 gráðu heitur sjór með hárru seltu eða 28 ppm (bls. 25).

Umhverfisstofnun bendir á að öll vatnstaka og viðbót borhola er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Mat um hvort vatnstaka sé sjálfbær og hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun fjallar um og tekur afstöðu til áhrifa framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti; Frárennsli og áhrif þess á viðtaka og á lífríki, gróður og dýralíf, villta laxastofna, ásýnd og samlegðaráhrif við aðra starfsemi.

Frárennsli, áhrif á viðtaka og lífríki

Fram kemur í greinargerð að frárennsli frá Kirkjuvogi rennur óhreinsað út í fjörुकambinn í Höfnum. Úr þeirri stöð eru tvær útrásir sem ná rétt út við fjörुकambinn.

Kirkjuvogur

Fram kemur í greinargerð að núverandi starfsemi í Kirkjuvogi upp á 80 tonn/ári af hrognkelsishrognum sé að losa 11,08 kg/fosfór (P) á hvert framleitt tonn af hrognkelsum.

Fóðurstuðullinn í stöðinni er 0,66 í Kirkjubogi. Þá er vísað í að mörk fyrir losun fosfórs í starfsleyfi rekstraraðila við Kalmanstjörn sé 14 kg P/á hvert framleitt tonn af fiski og sé því ofangreind losun innan marka. Mögulega munu koma fram kröfur um hreinsun frárennslis (t.a.m. settjörn eða tromlusú) áður en því er hleypt í viðtaka en stofnunin mun við vinnslu starfsleyfis ákvarða losunarmörk út frá fôðurnotkun eldisins, hreinsun frárennslis og aðstæður við útrás í viðtaka.

Þá má einnig benda á að starfsleyfi stöðvarinnar við Kalmanstjörn rennur út þann 26. apríl 2021 og munu skilyrði losunar vera uppfærð í samræmi við ofangreint við gerð nýs starfsleyfis ef starfsemi heldur þar áfram.

Seljavogur

Úr Seljavogi er frárennslid leitt í sóttkvíar rotþró skv. greinargerð (bls. 18) til að koma í veg fyrir að fiskur eða hrogn sleppi frá stöðinni út í umhverfið. Fóðurstuðullinn er 0,73 í stöðinni. Fram kemur að losun fosfórs úr stöðinni í Seljavogi sé reiknað út og það sé 0,68 kg/fosfór á hvert framleitt tonn af fiski sem er undir ofangreindum mörkum sett í starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þær varnir í fráveitu sem fjallað er um í greinargerð eru eingöngu miðaðar út frá hættu á sleppingu fisks en ekki til að sía og hreinsa næringarefni úr frárennslisvatni til að sporna við uppsöfnun þeirra og mengun við útrás. Útrás frárennslis í Seljavogi er staðsett við fjöru nálægt bryggjunni. Við (há) fjöru safnast það upp í fjörunni líkt og sjá má á mynd 12 í greinargerð. Ekki er fjallað um virkni rotþróa til að lágmarka BOD, COD, fosfór og köfnunarefni í frárennslis líkt og kveðið er á um í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Því má álykta af greinargerð að frárennslis sé sleppt óhreinsuðu í viðtaka m.t.t. næringarefna.

Umhverfisstofnun telur ekki nægilega vel rökstutt í greinargerð hvernig ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. framangreindrar reglugerðar um fráveitur og skólp við Seljavog. Sá ómöguleiki þarf að vera til staðar svo heilbrigðisnefnd geti heimilað aðrar lausnir (undanþágu) að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. En líkt og segir í greinargerð liggur útrásin nálægt hafnarkanti þar sem gæti verið mögulegt að koma útrás fyrir fimm metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð. Þá vekur stofnunin auk þess athygli á, varðandi útrás við Seljavog, það sem segir í ofangreindri reglugerð gr. 9.2 um að óheimilt sé að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Báðar stöðvar

Samkvæmt greinargerð er vatn vaktað þar sem mælt er við inntak og útrás magn svifagna, heildar fosfór, heildar köfnunarefni og COD (mg/L) (bls. 26).

Fyrir fráveitu beggja stöðva er í greinargerð sagt að mikið brim sé á svæðunum við útrásir og hröð vatnsskipti sem ætti að gera það að verkum að uppsöfnun næringarefna sé lítil (bls. 14 og 18). Umhverfisstofnun tekur undir það að brimasamt er í Höfnum og blöndun vatns sé að jafnaði mikil. Hins vegar mun stofnunin ávalt krefja rekstraraðila um frekari hreinsun á frárennslis eldisins áður en það er losað í fjörukambinn ef mælingar/

útreikningar á losun næringarefna er yfir mörkum. Kann framangreint að vera sérstaklega mikilvægt að mati stofnunarinnar ef nýtt er undanþága gr. 9.7 í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Viðtakinn er Norður-Atlantshaf á Reykjanesi við ytra suður minni Kirkjuvogs en sá strandsjór hefur vatnshlotanúmerið 104-1382-C og nefnist Hafnir að Gróttu. Útrás frárennslis frá stöðunum í Kirkjuvogi og Seljavogi er þannig komið fyrir að hún losar frárennslid nær óhreinsað út í fjörुकambinn. Þar með uppfylli það ekki 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp sem segir að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Er það vegna umhverfisaðstæðna og hversu brimsamt er á svæðinu. Fram kemur í greinargerð að rekstraraðili hyggist sækja undanþágu skv. 7. mgr. 9. gr. framangreindrar reglugerðar sem heimilar að lagðar séu til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Umhverfisstofnun áréttar að það er viðeigandi heilbrigðisnefnd (Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja) sem veitir undanþágu skv. gr. 9.7 en ekki Umhverfisstofnun. Hins vegar skal heilbrigðisnefnd leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hún tekur ákvörðun sína en slík undanþága skal einungis vera veitt ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. Mörg fordæmi eru um að slík undanþága sé veitt fyrir starfsemi á Reykjanesi sökum landfræðilegrar aðstæðna og mikils brims.

Líkt og segir hér að framan verða losunarmörk sett út frá fódurnotkun eldisins og hreinsun frárennslis.

Lífríki og ásýnd

Þar sem umrædd stækkun verður ekki til þess að röskun verði á ósnertu landi hjá Seljavogi og einungis röskun á túni þar sem aðallega er nýtt land þá telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdar á gróður og dýralíf vera óveruleg.

Umhverfisstofnun metur áhrif áætlaðra framkvæmda stækkunar eldisstöðva í Höfnum á ásýnd svæðisins vera óverulega m.t.t. núverandi nýtingu þar sem svæðið er raskað sökum byggðar og iðnaðar.

Villtir fiskistofnar

Hrognkelsishrognin sem unnið er með í stöðvunum eru af villtum fiski og gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyasleppingar. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að starfsmeini hafi áhrif á vilta fiskistofna hrognkelsa og að þau séu því óveruleg. Stofnunin bendir hins vegar á að í greinargerð er ekki fjallað um möguleika sleppinga laxaseiða en sú framkvæmd sem tilkynnt er og sem sótt verður um starfsleyfi fyrir er fyrir 160 tonn framleiðslu af laxi á ári þegar ekki er verið að ala hrognkelsi í Kirkjuvogi auk 1 tónna framleiðslu á laxaseiðum í Seljavogi. Þar sem laxinn sem unnið er með er norskur að uppruna og að slepping gæti haft áhrif á íslenska stofn laxa telur Umhverfisstofnun að fjalla hefði mátt frekar um varnir gegn sleppingu laxa frá stöðvunum. Stofnunin bendir á að málefni slyasleppinga og sjúkdómastöðu fellur undir Matvælastofnun og rekstrarleyfi þess.

Annað

Fjallað er um í greinargerð þau frávik sem fram komu í fyrirvaralausu eftirliti Umhverfisstofnunar þann 8. nóvember 2018. Voru það m.a. að starfsleyfið í Kirkjuvogi rann út árið 2013 og að stöðin í Seljavogi hafi ekki haft starfsleyfi og starfsemin því með öllu án starfsleyfis. Þá segir að verið sé að bregðast við þessu frávikum með því að endurnýja starfsleyfið í Kirkjuvogi og að sækja um nýtt starfsleyfi í Seljavogi. Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfið í Kirkjuvogi er einnig nýtt starfsleyfi en ekki endurnýjun á eldra starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá bendir stofnunin einnig á að ekki hefur borist umsóknir um ný starfsleyfi í Kirkjuvogi og í Seljavogi en meira en ár er frá því að umrædd frávik komu upp í eftirliti. Hér eru áætlanir rekstraraðila í matsskyldufyrirspurn og rétt að slíkt eigi sér stað áður en starfsleyfi eru gefin út en Umhverfisstofnun bendir á að vinnsla við ný starfsleyfi getur tekið allt að 240 daga eða 8 mánuði og því vert að rekstraraðili sendi inn umsóknir við fyrsta tækifæri.


Fram kemur í greinargerð að brugðist var við öðrum frávikum og að nú sé búið að vinna áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, skv. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, auk neyðaráætlunar vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar fyrir báðar stöðvarnar. Þá hafi rekstraraðili einnig bætt úr umgengni við stöðina, losun fosfórs og köfnunarefnis í frárennsli var umreiknuð í losunargildi í kg á hvert framleitt tonn, öll losun efna er nú skráð.

Fram kemur í greinargerð að ekki er til deiliskipulag fyrir stöðvarnar (bls. 22) en að starfsemin samræmist núgildandi aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030. Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfisskyld starfsemi hjá stofnuninni fær að jafnaði gildistíma í starfsleyfi sem miðast við aðalskipulag sem hér er til ársins 2030.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif fyrirhugaðra stækkana rekstraraðila liggja skýrt fyrir og að ferli mats á umhverfisáhrifum sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á mengun starfseminnar og áhrif hennar á umhverfið. Líkt og fram kemur í greinargerð er Umhverfisstofnun starfsleyfisútgefandi fyrir landeldisstarfsemi og munu verða settar mengunarvarnarkröfur í starfsleyfi sem rekstraraðila er gert að uppfylla líkt og fram hefur komið í þessari umsögn.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemi muni uppfylla skilyrði mengunarvarna sem sett verða í starfsleyfi Umhverfisstofnunar, telur stofnunin að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Steinar R. Beck Baldursson
sérfræðingur